

Ísland september 2024

DALABYGGÐ


verkfærakista


cohn&wolfe

DIG **DEEPER**. IMAGINE MORE.

VIÐHORFSSTYRKING DALANNA

Munum að Dalirnir eru miðja alls





SKISSA

REYNUM AÐ...

- Tala alltaf um Dalabyggð sem Dalina
- Minnst daglega með einhverjum hætti á merkilega sögu svæðisins (lýðgæði) – menning, samheldni og mikilfengleiki – einhver ein snerting á dag, alltaf
- Minnst daglega með einhverjum hætti á eiginleika svæðisins (landgæði) – náttúrufegurð og hreinleiki (má vera í sömu snertingu og lýðgæðin)
- Tengja ávallt í texta og tali lýðgæði og landgæði við lífsgæði (kenna fólki hvað lífsgæði eru í raun og veru)



FORSENDUR

- Dalirnir og svæðið í heild sinni er oftast nefnt með öðrum svæðum, hvort sem það eru áfangastaðir, örnefni eða viðburðir. Gestir svæðisins eru því oft á leiðinni eitthvað annað, hvort sem það er Norður Ameríka (Víkingar) eða Ísafjörður. Fjórar áttir út úr byggðinni og Dalirnir eru því „miðjan“.
- Fólk í Dölunum er „mögulega“ samheldnara en það heldur sjálft en félagsstarf, samtakamátturinn, ánægja með náungann, stolt yfir sögu, náttúru og árangri og óhjákvæmileg víðsýni þeirra sem eru miðsvæðis eru allt sameinandi eiginleikar.
- Allir textar á slæðum eru nothæfir sem hráefni og eru byggðir upp á mismunandi hugrenningarþáttum lykilorða, texta hluta og þekkra tengsla við Dalina.



Lykilorð sem má nota í textagerð og í tali úr forsenduhluta eru í þremur mengjum (sameinandi eiginleikar, lýð- og landgæða eiginleikar, aðgreinandi eiginleikar) – notið **feitletruðu** orðin í samhengi við viðburði og önnur tækifæri mengjanna:

- Sameinandi eiginleikar sem eru á meðal forsenda menningar - **fordómaleysi, samheldni, samhljómur, umburðarlyndi**
- Eiginleikar yrkjandi samfélags lýð- og landgæða - **blómstra, skapandi, vagma (menningar)**
- Aðgreinandi eiginleikar Dalanna frá umhverfunum fjórum (umhverfin á slæðu 6)) - **hæglæti, aftengja (frá stressi), kyrrð, ró og jarðtenging**
- Sameiginleg meining mengjanna – **við hjálpum fólki að blómstra (operatíft) => (við) yrkjum lífsgæði í Dölunum (strategískt)**





Sameinandi eiginleikar nánar útskýrðir:

Landbúnaður, víkingar, heimamenn þekkja það sem vel er gert, samtakamáttur, samheldni, náttúran, víðsýnin, samgangur, samvistir, veglyndi, samlyndi, samvera – „samið“ er sameinandi þáttur og sterkur í Dölunum og þaðan kemur meðal annars slagorðið „við yrkjum.“ Menning Dalanna mælist í Deiglu könnuninni næst á eftir menningu Höfuðborgarsvæðisins

Lýð- og landgæði nánar útskýrð: Þættir sem tengjast fólki og gamalgrónum lífsgæðum eru mjög sterkir í Dölunum, þannig að lýðgæðin eru mikil. Innviðaupbygging á langt í land en efniviðurinn er frekar fólkið og máttur þess til verka. Þar af leiðandi eru lífsgæði í dalabyggð öfundsverð þar sem íbúar njóta hreins lofta, friðsæls umhverfis og sterkra samfélagstengsla. Það stuðlar í framhaldinu að vellíðan og hamingju meðal íbúa. Þá er náttúrulegt umhverfi í Dalabyggð fyrsta flokks, ósnortið landslag og mikill landbúnaður og aðgengi að sjó sem eykur líkamlega og andlega heilsu íbúa, en við getum yfirfært þessi þætti á landgæði



Aðgreinandi eiginleikar nánar útskýrðir: „Á leiðinni“, „stoppustöð“, stolt, góðir grannar, fordómalítið, vanmetið, óáberandi. Í íbúakönnun Deiglunnar eru Dalirnir friðsælir mjög og loftgæði best þar – sem dæmi. Sem miðlægur staður með slíkum lýð- og landgæðum eru Dalirnir staður sem maður þarf að staldra við á, sín vegna fremur en staðsins vegna eins og á við um áfangastaði. Dalirnir eru í þeim skilningi EKKI áfangastaður heldur dvalarstaður, þótt sumir stoppi stutt við.

VERKFÆRI MIÐLUNAR


Myllumerki:

Tengjum við fjölda viðeigandi eldri myllumerkja. Með því er hægt að nota þau í færslum og sögum á samfélagsmiðlum. Þannig mun algrími leitarvéla bera kennsl á tengslin milli merkja og auka sýnileika efnisins á miðlum. Með blöndu af vinsælum, viðeigandi og “branded” hashtags má auka umfang skilaboða Dalanna og laða að nýja áhorfendur að efninu. Það er líka mikilvægt að fylgjast með árangri myllumerkja og gera breytingar eftir þörfum.

Eldri myllumerki á ensku sem er hægt að tengja við (á viðeigandi hátt – t.d. #icelandroadtrip fyrir ökuleið):

#iceland #icelandtourism #icelandtravel #icelandtrip #visiticeland #discovericeland #icelandexplored
#icelandadventure #icelandtour #icelandscapes #icelandphotography #icelandnature #exploreiceland
#icelandlandscape #icelandphoto #icelandlove #icelandic #traveliceland #icelandroadtrip #icelandicnature
#reykjavik #travel #icelandincredible #travelphotography #icelandwaterfall #inspiredbyiceland #photography
#guidetoiceland #igiceland #icelandicadventure

Ný myllumerki fyrir Dalanna: #viðyrkjum #viðyrkjumdalanna #viðyrkjumsamfélag #viðyrkjumsamheldni
#viðyrkjumlífsgæði #viðyrkjumlandgæði #viðyrkjumlyðgæði #viðyrkjumDalalíf #SvissÍslands #lýðgæðiDalanna
#landgæðiDalanna #fordómaleysiDalanna #samheldniDalanna #umburðarlyndiDalanna #skapandiDölonum
#jarðtengingDalanna #dvaliðíDölonum





Hvernig getum við notað “við yrkjum” slagorðið?

- Nota það í daglegu tali og skrifum – „við yrkjum fjölskyldutengslin um helgina...”
- Merkja bifreiðar sveitarfélagsins...
- Merkja innkomusvæði Dalanna...
- Eiga fána og flagga þeim í bland við aðra fána...
- Leyfa fólki frjálsa notkun – snýst um frasa fremur en myndmál...
- Notast við slagorðið og liti í öllu markaðsefni; vefsíðu, bæklingum, á samfélagsmiðlum og fyrir varning...
- Merkja stöku heyrúllur með því að nota stensil með “Yrkjum”...

Viðvera á netinu/efnissköpun:

- Uppfæra núverandi vef, bæta inn lykilorðum og eiginleika mengjunum
- Vikulegar uppfærslur á samfélagsmiðlum um viðburði, lífið á staðnum, sögulegar staðreyndir, fróðleik, sögur íbúa og fallegu landslagi – en alltaf með hliðsjón af lykilorðum, ToV og eiginleikum
- Ferðapjónustuaðilar/áhrifavaldar/framleiðendur með „takeover“ á samfélagsmiðlum
- Nýta alla efnisframleiðslu, s.s. Myndir og myndbönd til að varpa varpa ljósi eiginleika og lykilorð og þannig á lífið í Dalabyggð
- Endursegja sögur út frá eiginleikum, lykilorðum og slagorði (gefa nýtt samhengi)



DÆMI NÝTINGU TEXTA

Tone of Voice:

Það er nauðsynlegt að nota viðeigandi raddblæ/tón (e. tone of voice eða ToV) fyrir Dalina til að tryggja árangursrík samskipti milli hagaðila og skapa trausta heild fyrir samfélagið. Einnig ljáir tóninn efninu persónuleika, einkennir það frá öðru efni og skapar samheldni. Lagt er til að ToV sé hugsaður frá þremur víddum til að skapa sem víðtækust tækifæri til notkunar - **vingjarnlegur, bjóðandi, fagnandi, hvetjandi (Dalirnir eru miðjan)**

ósvikinn, stoltur, upplýsandi (Dalirnir byggja á lýðgæðum og landgæðum)

Hjálplegur, háttvís og aðhlúandi (Dalirnir yrkja)



Dæmi um nýtingu ToV

„Um leið og við fögnum haustinu og hvetjum unga fólkið okkar til dáða minnum við góðlátlega á útivistartíma barna sem lögin segja að breytist 1. september. Þá geta 12 ára börn og yngri lengst notið hollrar útiveru til kl. 20 en 13 – 16 ára börn eru svo heppin að geta verið til kl. 22. Lengja má útivistartímann með samverustundum með foreldrum. Þössum samt að sofna snemma og hvílast svo við förum vel með okkur.“

vingjarnlegur, bjóðandi, fagnandi, hvetjandi
(Dalirnir eru miðjan)

ósvikinn, stoltur, upplýsandi
(Dalirnir byggja á lýðgæðum og landgæðum)

Hjálplegur, háttvís og aðhlúandi
(Dalirnir yrkja)



Dæmi um nýtingu ToV

Instagram/Facbook

“Það er eitthvað einstakt við sólsetrið í Dölunum þar sem náttúran blómstrar og fólkið með. Ferska loftið veitir innblástur til að tengjast bæði landinu og fólkinu okkar. Við yrkjum land, samfélag og minningar. Komdu og heimsæktu okkur, dveldu stundarkorn og vertu hluti af sögunni okkar.”

vingjarnlegur, bjóðandi, fagnandi, hvetjandi
(Dalirnir eru miðjan)

ósvikinn, stoltur, upplýsandi
(Dalirnir byggja á lýðgæðum og landgæðum)

Hjálplegur, háttvís og aðhlúandi
(Dalirnir yrkja)



Dæmi um nýtingu ToV

Instagram

„Jörvagleði er gengin í garð og gleðin tekur völd. Í Dölunum snýst hátíðin um að koma saman og fagna því sem við eigum sameiginlegt; menningunni, sögunni og hvert öðru.

Við bjóðum öll velkomin að taka þátt í gleðinni, bæði gesti og heimafólk. Hvergi er betra að yrkja samtakamátt og hlýju.“

vingjarnlegur, bjóðandi, fagnandi, hvetjandi
(Dalirnir eru miðjan)

ósvikinn, stoltur, upplýsandi
(Dalirnir byggja á lýðgæðum og landgæðum)

Hjálplegur, háttvís og aðhlúandi
(Dalirnir yrkja)



SKISSUR TÁKNS



yrkjum

yrkjum







VIÐ YRKJUM LÍFSGÆÐI Í DÖLUNUM

SKISSA



YRKJUM LÍFSGÆÐI Í DÖLUNUM

SKISSA